

24. maí 1978.

315

Nr. 63.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum til þess að tryggja hag þeirra, sem lægst laun hafa, og greiða þannig fyrir lausn á vinnudeilu þeirri, er nú stendur milli samtaka launþega og vinnuveitenda og valda mun alvarlegri röskun á framleiðslustarfsemi í landinu og þjóðinni tekjutapi, ef ekki leysist. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal frá 1. júní 1978 greiða fullar verðbætur skv. ákvæðum kjarasamninga á dagvinnulaun þeirra launþega, sem hafa 115 000 krónur eða lægri laun á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við verðbótavísitölu þá, er gildi 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978. Á dagvinnulaun, sem hærri eru, skal greiða sömu verðbætur að krónutölu og greiða skal skv. kjarasamningum á laun, sem voru 115 000 krónur á mánuði skv. framansögðu, enda nemi verðbætur skv. 1. gr. eigi hærri fjárhæð. Verðbætur skv. þessari gr. umfram verðbætur skv. 1. gr. nefnast verðbótaviðauki og greiðast eingöngu fyrir dagvinnu eða hliðstæða vinnu og teljast hvorki til kauptaxta né reiknitalna ákvæðisverka.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar þar á meðal hvaða greiðslur skuli telja til dagvinnulauna, hvernig fara skuli með kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, og með hvers konar álög og kaupauka hverju nafni sem nefnast, einnig um vaktavinnulaun og laun fyrir tímamælda ákvæðisvinnu verkafólks og iðnverkafólks og aðra ákvæðisvinnu og um uppgjörstíma fyrir verðbótaviðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1978.

Gjört í Reykjavík 24. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.